

## Félagsmiðstöðin 301

Félagsmiðstöðin 301 í Hvalfjarðarsveit býður upp á uppbyggilegt frístundastarf fyrir 10-16 ára börn og unglunga. Áhersla er lögð á að ná til þeirra barna og unglunga sem þarfnast félagslegs stuðnings og að bjóða upp á fjölbreytileg viðfangsefni. Félagsmiðstöðin 301 er starfandi í Heiðarskóla, grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.

Hlutverk félagsmiðstöðvarinnar er tvíþætt. Annars vegar að bjóða börnum og unglungum á aldrinum 10 - 16 ára upp á frístundastarf sem hefur forvarnar-, uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Hins vegar að bjóða upp á aðstöðu til afþreyingar og samveru með jafnöldrum í öruggu umhverfi. Áhersla er lögð á lýðræði, að virkja börn og unglunga til virkrar þátttöku og framkvæmda í starfinu, einkum þau sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegra aðstæðna.

### Opnunartími:

Félagsmiðstöð 301 er með starfsemi einu sinni í viku fyrir unglिंगastigið 8. -10. bekk frá kl. 19:30-22:00 og fyrir miðstigið 5.-7. bekk þá er opið tvisvar í mánuði frá kl. 17:00-19:00.